

**Lokaskýrsla varðandi veittan styrk úr Kennslumálasjóði árið 2019, leið A.  
Að virkja fyrsta árs nema í Stjórnun**

Tilgangur verkefnisins snérist um að auka þátttöku og áhuga fyrsta árs nema í stærstu námskeiðum viðskiptadeildar (yfir 200 nemar) með því að fá þá til að taka virkan þátt í kennslgustund, nota internetið og gefa virka endurgjöf. Það námskeið sem notað var nefnist VIÐ 258G Inngangur að stjórnun.

Hér að neðan gefur að sjá markmið og hvernig þeim hefur verið náð.

**Markmið 1:**

Endurhanna námskeið, byggt sérstaklega fyrir kennslu stórra hópa, með áherslu á að auka þátttöku nemenda og áhuga (e.self motivation).

**Niðurstaða 1:**

**Mæting og þátttaka nemenda jókst umtalsvert og töldum við yfir 80% mættra nema á meðan þetta var stundum undir 20% áður. Geta ber þess að þetta átti sér allt stað fyrir Covid-19 en eftir að faraldurinn skall á fór kennsla fram á netinu.**

**Markmið 2:**

Auka endurgjöf fyrir nemendur með því að búa til umhverfisvæna verkefnabók með nýjustu netverkfæri í boði (svarar til Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021,/ Gæðamenning og skilvirk upplýsingatækni). Veita skýrar leiðbeiningar námskeiðsins með því að framleiða námskeiðshandbók sem veitir nemendum öryggi og jákvæðni og stuðlar að því að tryggja sjálfstæð akademísk vinnubrögð í stað utanbókar lærdóms (Svarar til Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021, Nám og kennsla - undirstaða farsældar og framfara)

**Niðurstaða 2:**

**Verkefnabók hönnuð og sett á netið, 48 bls og var hún vel sótt og notuð.**

**Markmið 3:**

Vinnubók á netinu. Með því að sameina vinnubók á netinu og handbókina sem fylgir námskeiðinu verður unnt að hvetja nemendur til að leysa verkefni og hjálpa kennurum við að veita einstaklingsmiðaða endurgjöf.

**Niðurstaða 3:**

**Sett var upp sniðmát i.e. bók sem hét Einstaklingsverkefni Drauma vinnan mín. Hér hönnuðu nemendur sína eigin bók og settu upp markmið um sína drauma vinnu og hvernig þau ætluðu að nálgast þessa vinnu.**

**Markmið 4:**

Kynning á verkefninu.

**Niðurstaða 4:**

**Til stendur að kynna verkefnið erlendis en það hefur ekki verið hægt en þá sökum Covid-19 en það er stefnt að því eins fljótt og auðið er, vonandi 2022.**

## **Auka niðurstaða**

Gefnar hafa verið 2 ritrýndar greinar sem sjá má í Scopus gagnagrunni úr niðurstöðum varðandi þetta verkefni, nálgast má greinarnar á eftirfarandi slóðum.

**'The emperor is naked!': exposing (in) efficiency of self - assessment and group – assessment in higher education**

<https://www.vdu.lt/cris/handle/20.500.12259/101466>

**Deficit in Propriety? Cooperative Learning and Group Self-evaluation in Higher Education**

<https://www.cceol.com/search/article-detail?id=933656>